

Viðauki við skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála

Á Jafnréttisþingi í janúar 2009 lagði félags- og tryggingamálaráðherra fram *Skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála - Jafnrétti í tölum 2009* samhliða umræðugrundvelli vegna nýrrar þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Skömmu seinna urðu stjórnarslit og gengið var til kosninga í apríl 2009. Samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 á að leggja fyrir Alþingi tillögu að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum ári eftir kosningar. Ákveðið var að byggja tillöguna á þeim umræðugrundvelli sem fyrir lá á Jafnréttisþingi. Í 11.gr. fyrir nefndra laga segir að skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála skuli fylgja framkvæmdaáætluninni og er þessi skýrsla viðauki við skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra sem lögð var fram var á Jafnréttisþingi. Í ljósi þess að eingöngu er liðið rúmt ár frá útgáfu þeirrar skýrslu er hér leitast við að fjalla um helstu viðburði eða breytingar sem orðið hafa á sviði jafnréttismála á umræddu tímabili.

Árið 2009 verður lengi í minnum haft vegna stórra skrefa sem stigin voru í átt til jafnréttis kynjanna. Í fyrsta sinn settist kona í sæti forsætisráðherra og varð tala kvenna og karla á ráðherrastólum jöfn í fyrsta sinn í sögu landsins. Í apríl fóru fram alþingiskosningar og þá urðu þau tímamót að hlutur kvenna óx úr 33% (miðað við kosningarnar 2007) í 43%. Þar með komst Ísland upp í fjórða sæti á lista Alþjóða þingmannasambandsins um stöðu jafnrétti kynjanna en er nú í því fimmta. Í öðru ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur minnkaði hlutur kvenna að nýju en það breyttist síðar á árinu er einn karlráðherranna sagði af sér og kona tók við. Ísland er því eitt örfárra landa þar sem hlutfall kvenna og karla er jafnt í ríkisstjórn.

Stefna ríkisstjórnarinnar

Í Samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að jafnrétti kynjanna sé eitt af grundvallargildum samstarfsins. Þar segir að málaflökkur jafnréttismála skuli fá aukið vægi innan stjórnkerfisins. Jafnréttisstofa verði eflað og sjálfstæði hennar aukið. Lögð er áhersla á að áhrif kvenna í endurreisninni verði tryggð. Því muni ríkisstjórnin beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Jafnframt verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar, svo þær gagnist bæði körlum og konum með fjölbreyttan bakgrunn.

Þá er áréttað að ríkisstjórnin muni grípa til aðgerða til að útrýma kynbundnum launamun í samvinnu við hagsmunasamtök og aðila vinnumarkaðarins. Lokið verði gerð jafnréttisstaðla á kjörtímabilinu og starf jafnréttisfulltrúa ráðuneyta verður eflt. Unnið verður úr tillögum jafnréttisvaktarinnar.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að grípa til aðgerða til að útrýma kynbundnu ofbeldi, m.a. með lögfestingu austurrísku leiðarinnar þannig að ofbeldismenn verði fjarlægðir af heimilum sínum og banni við nektardansi en það hefur þegar verið samþykkt. Endurskoðun gildandi aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi er hafin og verður hún m.a.byggð á niðurstöðum nýrra rannsókna. Aðgerðaáætlunum gegn mansali, kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi

verður fylgt eftir. Sérstaklega verði hugað að forvarnar- og viðbragðsáætlun til að bregðast við auknu heimilisofbeldi samhliða versnandi efnahagsástandi.

Þá segir einnig að ein hjúskaparlög verði lögfest. Hugað verði að réttarbótum í málefnum trans-gender fólks í samræmi við ábendingar Umboðsmanns Alþingis.

Breytingar á lögum

Þrennar breytingar voru gerðar á lögum til að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna. Kaup á vændi voru gerð refsiverð með breytingum á hegningarlögum (206 gr.) en í rúmt ár þar á undan var hvorki refsivert að selja né kaupa vændi hér á landi þegar um fullorðna einstaklinga var að ræða en ýmis aðkoma þriðja aðila að vændi var þó og er enn refsiverð sem og að auglýsa vændi opinberlega. Kynjakvóti í stjórnnum fyrirtækja var samþykktur með breytingum á lögum um hlutafélög (63. gr. laga nr. 2/1995) og lögum um einkahlutafélög (39. gr. lag nr. 138/1994). Í báðum tilfellum er gert skylt að hafa bæði kynin í stjórn félaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli og ef stjórnarmenn eru fleiri en þrjú skal tryggja að hlutur annars kynsins sé ekki lægri en 40%. Einnig voru gerðar breytingar til þess að auðvelda eftirlit með þessum lögum sem ganga í gildi 2013. Að lokum var feld brott undanþága frá banni við nektarsýningum úr lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (nr. 85/2007) og eru nektarsýningar nú bannaðar með öllu.

Hlutfall kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna

Kynjakvóti var leiddur í lög í fyrsta skipti á Íslandi árið 2008, sbr. 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Þar er kveðið á um að við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjú fulltrúa er að ræða. Gildistaka laganna var á fyrri hluta ársins 2008 og starfsárið 2009 því fyrsta árið þar sem hægt var að taka saman nefndarskipan með hliðsjón af þessu ákvæði.

Þegar gögn ráðuneyta um nefndaskipan voru skoðuð kom í ljós að kynjahlutfall í nefndum á vegum ráðuneytanna er nú 40% konur og 60% karlar þegar á heildina er litið. Þetta er breyting frá árinu 2008 þegar hlutur kvenna var 37% og 36% árið 2007. Ef litið er til skipana hvers ráðuneytis fyrir sig kemur í ljós að í helmingi þeirra er meðaltal kvenna undir 40%. Það eru dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitastjórnaráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Í fyrsta skipti fer hlutur kvenna í nefndum á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis upp fyrir 50% en hann er nú 51%.

Nefndir heildartölur	2007		2008		2009	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Ráðuneyti						
Forsætisráðuneyti	31%	69%	30%	70%	50%	50%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti*****	30%	70%	29%	71%	34%	66%

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti*/*****	33%	67%	36%	64%	40%	60%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti****	45%	55%	49%	51%	51%	49%
Fjármálaráðuneyti	28%	72%	33%	67%	35%	65%
Heilbrigðisráðuneyti***	41%	59%	48%	52%	48%	52%
Iðnaðarráðuneyti*	30%	70%	32%	68%	35%	65%
Mennta- menningarmálaráðuneyti*****	41%	59%	40%	60%	40%	60%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti*****	20%	80%	24%	76%	33%	67%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**	29%	71%	21%	79%	22%	78%
Umhverfissráðuneyti	33%	67%	34%	66%	38%	62%
Utánríkisráðuneyti	23%	77%	47%	53%	40%	60%
Samtals	36%	64%	37%	63%	40%	60% ¹

Ef eingöngu er litið til skipana á starfsárinu 2009 er kynjahlutfallið nokkuð jafnara eða 44% konur á móti 55% karla. Árið 2008 var hlutur kvenna 43% en karla 57% og árið 2007 var hlutur kvenna 37% á móti 63% karla. Það má því segja að löggjöfin hafi haft töluverð áhrif á nýskipanir strax við innleiðingu laganna árið 2008.

Nefndir skipaðar á starfsári Ráðuneyti	2007		2008		2009	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Forsætisráðuneyti	34%	66%	40%	60%	54%	46%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti*****	37%	63%	26%	74%	55%	45%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti*/*****	35%	65%	59%	41%	39%	61%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti****	34%	66%	59%	41%	54%	46%
Fjármálaráðuneyti	42%	58%	50%	50%	40%	60%
Heilbrigðisráðuneyti***	46%	54%	53%	47%	48%	52%
Iðnaðarráðuneyti*	37%	63%	46%	54%	38%	63%
Mennta- menningarmálaráðuneyti*****	39%	61%	42%	58%	50%	50%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti*****	25%	75%	24%	76%	43%	57%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**	25%	75%	24%	76%	29%	71%
Umhverfissráðuneyti	38%	62%	35%	65%	45%	55%
Utánríkisráðuneyti	ein manneskja		50%	50%	38%	62%
Samtals	37%	63%	43%	57%	44%	55% ²

1

Breytingar á skipan ráðuneyta:

*Tölur fram að árinu 2007 eru frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sameiginlega

**Tölurnar eldri en 2008 eru frá sjávarútvegsráðuneyti

*** Tölur eldir en 2009 eru frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

****Tölur eldri en 2009 eru frá fálagsmálaráðuneyti

*****Tölurnar eldir en 2009 eru frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti

*****Tölurnar eldri en 2009 eru frá samgöngumálaráðuneyti

*****Tölur ársins 2008 er frá viðskiptaráðuneyti

*****Tölurnar eldir en 2009 eru frá menntamálaráðuneyti

² Sama og 1

Þess ber þó að geta að breytingar á skipunum á milli ára voru töluverðar. Þegar skipanir á starfsárum eru skoðaðar kemur í ljós að á starfsárinu 2008 var hlutur kvenna sem skipaðar voru í nefndir á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis 24% en 55% árið 2009. Eins var hlutur kvenna í nefndum samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis 24% árið 2008 en 43% árið 2009. Þetta er mjög jákvæð þróun. Skipanir efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis eru þó ekki eins jákvæðar en þau hafa öll skipað færri konur á starfsárinu 2009 en gert var á starfsárinu 2008.

Orðalag 15. greinar gerir ráð fyrir að hlutfall kynja sé ekki minna en 40% í hverri nefnd, séu fulltrúar fleiri en þrír. Ef litið er til nefnda með þrjá fulltrúa eða færri kemur í ljós að eingöngu 152 nefndir af 235 sem skipaðar voru á starfsárinu 2009 voru skipaðar í samræmi við 15 gr. eða 65%. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna skila Jafnréttisstofu yfirliti yfir skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinagerð en Jafnréttisstofa fer svo yfir stöðuna og athugar hvort tilefni sé til athugasemda. Jafnréttisstofa gerði athugasemd við allar 83 nefndirnar sem ekki voru skipaðar í samræmi við 15. greinina.

Nefndir á vegum ríkisins sem fjalla um jafnrétti kynjanna

Á tímabilinu sem hér um ræðir var komið á fót nokkrum nefndum sem ætlað var að finna leiðir til að auka jafnrétti kynjanna á ólíkum sviðum.

1. Ráðherranefnd um jafnrétti kynjanna

Ríkisstjórnin samþykkti hinn 15. september 2009 að skipa ráðherranefnd um jafnrétti kynja til að fylgja eftir markmiðum ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynja sem fram koma í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þá hefur ráðherranefndin umsjón með gerð framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í Stjórnarráðinu og jafnréttismats á frumvörpum, áætlunum og ákvörðunum sem haft geta áhrif á jafna stöðu kynjanna. Skipan ráðherranefndarinnar er í samræmi við það markmið ríkisstjórnarinnar að leggja beri aukna áherslu á baráttu fyrir mannréttindum og kvenfrelsi og veita málaflokkum jafnréttismála aukið vægi innan stjórnkerfisins. Nefndina skipa forsætisráðherra, sem er formaður hennar, félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, auk dómsmála- og mannréttindaráðherra í málefnum er varða mansal og kynbundið ofbeldi.

2. Jafnréttisvaktin

Ríkisstjórnin samþykkti í upphafi ársins 2009 að setja á fót vinnuhóp til að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna til þess að tryggja að við endurreisn íslensks efnahagslífs og uppbyggingu faglegra stjórnunarháttanna verði jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi. Leitað var til fjölda stofnana, félagasamtaka, hagsmunahópa og sérfræðinga og óskað eftir gögnum sem gætu sagt til um breytingar á stöðu kynjanna vegna efnahagsþrenginganna sem ætlað var að vinna samhliða Velferðarvaktinni sem sett var á laggirnar um svipað leyti. Nefndin skilaði skýrslu sinni til ráðherra í mars 2009 og er enn verið að vinna úr tillögum hennar. Í framhaldinu var ákveðið að láta verkefni Jafnréttisvaktarinnar renna inn í starfsemi Velferðarvaktarinnar í anda samþættingar kynja- og

jafnréttissjónarmiða en formaður Jafnréttisráðs hefur nú tekið sæti þar og er framkvæmdastýra Jafnréttisstofu varamaður hennar.

3. Starfshópur um aukinn hlut kvenna í sveitarstjórnnum

Vorið 2009 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu sem fól í sér að Jafnréttisstofa skyldi grípa til aðgerða til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum. Jafnframt skipaði samgöngu- og sveitastjórnarráðherra starfshóp sem ætlað var að leggja fram tillögur um aðgerðir og leiðir til að jafna betur stöðu kynjanna í sveitarstjórnnum við næstu sveitarstjórnarkosningar. Skoða átti sérstaklega þörf fyrir aðgerðir í minni sveitarfélögum. Þrátt fyrir að hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum hafi aukist töluvert síðustu áratuginna hallar enn verulega á konur. Við síðustu sveitarstjórnarkosningar 2006 voru kjörnar 189 konur í sveitarstjórnir, eða 36% og 340 karlar eða 64%. Í fimm sveitarfélögum var engin kona kjörin í sveitarstjórn. Konur voru hins vegar í meirihluta í 11 sveitarstjórnnum eftir kosningarnar, en höfðu verið í meirihluta í 10 sveitarfélögum á fyrra kjörtímabili. Samgönguráðherra telur æskilegt að unnið verði að því markmiði að hlutfall kvenna og karla í sveitarstjórnnum verði sem næst 50% á landsvísu við sveitarstjórnarkosningarnar 2010 og að engin sveitarstjórn verði einvörðungu skipuð öðru hvoru kyninu. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra í október 2009 og var strax farið að vinna úr þeim. Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið og Jafnréttisstofa unnu saman að framkvæmd þeirra. Gefinn var út bæklingur undir titlinum „Eflum lýðræðið, konur í sveitarstjórn“, auglýst var í sjónvarpi, haldnir voru fræðslufundir vítt og breitt um landið, formenn stjórnmalaflokkanna fengu hvatningarbréf og sérstaklega var fundað með þeim og gerðir voru útvarpsþættir sem sendir voru út á RÚV í byrjun árs 2010. Niðurstöður kosninganna liggja nú fyrir og er ljóst að hlutur kvenna er nú 40% og er það breyting um fjögur prósentustig frá síðustu sveitastjórnarkosningum sem verður að teljast góður árangur.

4. Verkefnisstjórn um kynjaða hagstjórn

Í lok apríl 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnastjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. En hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Verkefnastjórnin hefur nú skilað áfangaskýrslu til ráðherra en þar kemur fram að kynjuð fjárlagagerð krefst viðamikils undirbúnings, ekki síst í formi fræðslu og handleiðslu við framkvæmd hennar. Einnig er ljóst að ekki er hægt að taka öll fjárlögin fyrir í einu. Markmið verkefnastjórnarinnar er að við stefnumótun og gerð fjárlagafrumvarpsins 2011 verði unnt að stíga fyrstu skrefin og hefur fjármálaráðherra óskað eftir því við ráðuneytin að þau tilnefni eitt tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð samhliða vinnu að fjárlagafrumvarpi ársins 2011. Tilögum að þeim verkefnum verður skilað 15. apríl. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri sem á að sinna fræðslu og handleiðslu fyrir hönd verkefnastjórnarinnar og halda utan um þau verkefni sem unnin verða. Með þessum verkefnum er ætlunin að byggja upp nauðsynlega sérfræðipækkingu og tæki sem þarf til að innleiða kynjaða hagstjórn í allt fjárlagaferlið.

5. Sérfræðinga- og samhæfingarteymi um mansal

Í október 2009 skipaði dómsmála- og mannréttindaráðherra sérstakt sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal í samræmi við aðgerðaáætlun gegn mansali, sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnar í mars sama ár. Hlutverk teymisins er meðal annars að tryggja yfirsýn og

þekkingu á mansalsmálum á Íslandi, fylgja eftir vísbendingum um mansal, bera kennsl á möguleg fórnarlömb þess og tryggja þeim vernd og aðstoð. Jafnframt er teyminu ætlað að sinna skráningu ætlaðra mansalsmála, sinna fræðslu um mansalsmál, hafa eftirlit með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vera stjórnvöldum til ráðgjafar í mansalsmálum. Vinnan fór strax af stað og var eitt fyrsta verk hennar að koma á fót neyðarteymi vegna rannsóknar lögreglu á meintu mansalsamáli.

6. Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi

Það sem af er árinu 2010 hefur aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi verið fylgt eftir. Unnið er að stórri rannsókn á umfangi og eðli ofbeldis í nánnum samböndum og verða niðurstöður kynntar síðar á árinu. Á grunvelli hennar verður næsta aðgerðaáætlun mótuð en félags- og tryggingamálaráðherra hefur sett af stað vinnu við hana. Sérstök áhersla verður lögð á úrbætur í réttarkerfinu. Fræðsludagur um kynbundið ofbeldi var haldinn 16. apríl með upplýsingum til almennings og sérstökum fundi fyrir félagsmálastjóra sveitarfélaganna. Jafnfram var haldin ráðstefna í Háskólanum á Akureyri undir heitinu *Þögn þjáning – ráðstefna um kynbundið ofbeldi*.

Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni

Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009 en í formennskuáætluninni var mikil áhersla á jafnrétti kynjanna. Gerðar voru tvær stórar rannsóknir og haldnar fjórar ráðstefnur auk námstefnu í Færeyjum. Þá var lögð áhersla á norrænt kynjasjónarhorn á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP15) sem haldin var í Kaupmannahöfn í desember 2009.

a. Námsstefna í Færeyjum

Í norrænu samstarfi hafa íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á samvinnu Færeyja, Grænlands og Íslands, meðal annars á sviði jafnréttismála. Í tilefni af formennsku Íslands var boðið til tveggja daga námstefnu í Færeyjum í júní um jafnrétti í skólastarfi og jafnréttislög. Á námsstefnunni um jafnrétti í skólastarfi voru fluttir fyrirlestrar og kynntu fulltrúar frá Danmörku, Svíþjóð og Íslandi fyrirmyndarverkefni um hvernig efla megi jafnrétti í skólastarfi. Á námsstefnunni um jafnréttislög var farið yfir þróun jafnréttislaga á Norðurlöndum, aðgerðaáætlanir kynntar og fjalað um þá reynslu sem nú er komin af framkvæmd þeirra, eftirfylgni og endurskoðun.

b. Jafnrétti í skólastarfi

Í september var haldin ráðstefna þar sem fyrirmyndarverkefni frá öllum Norðurlöndunum á sviði jafnréttisstarfs í skólum voru kynnt og farið var yfir stöðu mála í Evrópu á sviði jafnréttisstarfs í skólum. Þróunarverkefni á sviði jafnréttisstarfs í skólum hafa undanfarin ár verið unnin á Norðurlöndum og á Íslandi hefur verið unnið í nokkur ár að þróunarverkefninu Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum. Fyrirlesarar komu frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi auk þess sem margir Íslendingar komu að henni. Aðalfyrirlesari var Mike Younger, deildarforseti kennaradeildar Cambridge-háskóla í Bretlandi.

c. Foreldraorlof

Í október var haldin ráðstefna um fæðingarorlof og fæðingarorlofsrannsóknir á Norðurlöndunum. Á ráðstefnunni gerðu kunnir norrænir fræðimenn grein fyrir rannsóknum sínum á þessu sviði og skýrðu frá stefnumörkun stjórnvalda. Aðalfyrirlesari var Dr. Janet Gornick, prófessor í stjórnmálafræði og félagsfræði við New York háskóla. Einnig voru kynntar bráðabirgðaniðurstöður samanburðarrannsókna á fæðingar- og foreldraorlofi á Norðurlöndum sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni. Í rannsókninni er m.a. leitað svara við því hvernig orlofsréttur er nýttur og hvaða áhrif hann hefur á heilsu, samband foreldra og barna og stöðu kynja á vinnumarkaði. Dr. Ingólfur V. Gíslason og dr. Guðný Björk Eydal stýra rannsókninni en niðurstöður eru væntanlegar á árinu 2010.

d. Kyn og völd

Í nóvember var haldin ráðstefna þar sem kynntar voru niðurstöður rannsóknarverkefnisins *Kyn og völd*, sem unnin var af NIKK og breiðum hópi norrænna fræðimanna, að ósk Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Kirsti Niskanen stýrði rannsókninni en hún var tvíþætt. Annarsvegar var safnað saman upplýsingum um kyn og völd í stjórnmálum og þær greindar, hinsvegar var valdakerfi atvinnulífsins skoðað út frá kynjasjónarmiði. Á ráðstefnunni voru helstu niðurstöður kynntar og fjallað var um niðurstöðu kosninga til þjóðþinga og í sveitastjórnir. Ríkisstjórnir og stjórnmálaflokkar sem og fyrirtæki í kauphöllum og hlutfall kynjanna í sætum stjórnarformanna fyrirtækja voru skoðuð svo eitthvað sé nefnt. Skýrsla um rannsóknina og greinasafn eru komin út. .

e. Kynjuð fjárlagagerð. Hvað er það?

Í nóvember var haldin ráðstefna í samvinnu við verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð undir yfirskriftinni *Kynjuð fjárlagagerð. Hvað er það?* Meðal erinda á ráðstefnunni var erindi Catharinu Schmitz, aðstoðarframkvæmdastjóra Institute of Public Management í Svíþjóð. Þar fór hún yfir innleiðingu kynjaðrar fjárlagagerðar með almennum hætti sem að mati verkefnisstjórnarinnar ætti að vera tiltölulega auðvelt að heimfæra yfir á íslenskan veruleika. Þá flutti Páivi Valkama, skrifstofustjóri fjárlagaskrifstofu finnska fjármálaráðuneytisins, erindi um kynjaða fjárlagagerð í Finnlandi og hvernig hún er óaðskiljanlegur hluti af fjárlagaferlinu. Í erindi Páivi kom skýrt fram að samþætting kynjasjónarmiða inn í fjárlagaferlið þurfi að vera raunsæ, einföld og auðveld eigi hún að takast. Til ráðstefnunnar var boðið ráðherrum, alþingismönnum, ráðuneytisstjórum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem að fjárlagagerð hins opinbera koma.

Jafnlaunavottun

Í lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem samþykkt voru á Alþingi í febrúar 2008 er ákvæði til bráðabirgða (IV) þar sem fram kemur að félags- og tryggingamálaráðherra skuli í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðsins sjá til þess að þróað verði fyrir 1. janúar 2010 “sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir”.

Í kjarasamningum milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá sama mánuði var sérstök bókun þar sem áhersla er lögð á samvinnu samtakanna tveggja í jafnréttismálum á samningstímanum. Í þeirri bókun kemur meðal annars fram að vinna “við að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd jafnréttisstefnu fyrirtækja hefjist nú þegar og skal stefna að því að það verði tilbúið fyrir árslok 2009.”

Í júní 2008 gáfu félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins út sameiginlega viljayfirlýsingu um að þau hygðust óska eftir viðræðum við Staðlaráð Íslands um að ráðið hafi umsjón með gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar af þessu tagi.

Í desember 2008 kom Staðlaráð á fót svokallaðri tækninefnd sem hefur síðan unnið að gerð staðalsins. Við stofnun tækninefndarinnar áttu sæti í henni fulltrúar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, fjármálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jafnréttisstofu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólanna, Kvenréttindafélagi Íslands, Félagi kvenna í atvinnurekstri og ParX viðskiptaráðgjöf. Nokkrar breytingar hafa orðið á samsetningu tækninefndar. Tækninefndin starfar í samræmi við evrópskar starfsreglur um tækninefndir staðlaráða. Ljóst er að samning staðalsins er mun tímafrekara verkefni en ráð var fyrir gert upphaflega og liggur ekki fyrir hvenær því verki verður lokið.

Verkefni Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið og dagleg störf hennar snúa að framkvæmd jafnréttislaga. Nokkur stór verkefni hafa verið unnin á hennar vegum á síðasta ári og er ástæða til að fjalla um þau í þessar skýrslu.

a. Samstíga – kynjasambætting í opinberri stjórnslu

Jafnréttisstofa hefur unnið að sérstöku verkefni um kynjasambættingu en það hlaut styrk úr PROGRESS sjóði Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að efla sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnslu með því að kynna aðferðafræði kynjasambættingar og þróa leiðir til þess að koma henni í framkvæmd. Í ágúst 2009 kom út bókinn *Jöfnum leikinn, handbók um kynjasambættingu* ásamt litlum bæklingi og bókamerki til kynningar. Handbókin er mjög hagnýt við framkvæmd kynjasambættingar en í henni er farið í gegnum skilvirkar aðferðir auk þess sem dæmi eru gefin um íslensk sambættingarverkefni. Dæmin sýna hvernig stuðla má að auknum gæðum í þjónustu og öllum starfsháttum stofnana og fyrirtækja með jafnrétti að leiðarljósi. Í mars 2010 kom svo út önnur bók á vegum verkefnisins *Jöfnum leikinn, kynjasambætting og jafnréttisáætlanir*. Er sú bók sérstaklega ætluð stjórnendum hjá ríkinu.

Á vegum verkefnisins hefur verið haldinn fjöldi námsskeiða. Í maí 2009 var blásið til námskeiðs fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna, ráðuneytisstjóra og aðra starfsmenn ráðuneyta um grundvallaratriði kynjasambættingar. Kennari var Ann Boman, sænskur sérfræðingur um

kynjasambættingu sem komið hefur að uppbyggingu kynjasambættingar hjá sænska ríkinu. Önnur námskeið hafa verið á höndum starfsfólks Jafnréttisstofu en farið er í grundvallaratriði sambættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að sambættingar verkefnum.

b. Jafnrétti í leik-og grunnskólum

Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa unnið að verkefninu Jafnrétti í leik- og grunnskólum í samstarfi við Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Akureyrarbær, Mosfellsbær og Kópavogsbær. Verkefninu lauk formlega í mars 2010 en markmið þess var að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi, bæði í leik- og grunnskólum. Farið var af stað með 10 tilraunaverkefni, 5 í leikskólum og 5 í grunnskólum. Einnig var komið á fót heimasíðu með upplýsingum um jafnréttisfræðslu auk þess sem upplýsingar um tilraunaverkefnið er þar að finna. Gefin hefur verið út skýrsla um verkefnið og skýrslur um öll tilraunaverkefni, en þær er hægt að nota sem kennslufni í öðrum skólum. Fyrirhugað er að fylgja verkefninu eftir með því að halda námskeið fyrir kennara og skólastjórnendur.

c. Útrýmum staðalímyndum

Jafnréttisstofa tók þátt í Evrópuverkefni á síðasta ári um útrýmingu heftandi staðalímynda með hvatningu um að nýta mannauðinn. Markmið verkefnisins var að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum að auka framleiðni með því að segja skilið við heftandi staðalímyndir kynjanna og hámarka getu starfsmanna. Í tengslum við verkefnið hefur verið þýtt námsefni sem miðar sérstaklega að því að fræða atvinnurekendur.

Kyn og loftslagsmál

Eitt nýjasta viðfangsefnið á sviði kynjaumræðunnar er kyn og loftslagsmál. Í ljós hefur komið að fáar konur koma að stefnumótun í umhverfismálum en þau snerta framtíð alls mannkyns. Konur stýra að miklu leyti neyslu heimilanna og vestrænar konur eru miklir neytendur. Þær geta því haft mikil áhrif við að draga úr mengun, orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Karlar eru aftur á móti í meiri hluta þeirra sem nota einkabíla (70% í Svíþjóð) meðan konur nýta almenningsamgöngur í ríkari mæli. Karlar gætu því lagt mikið af mörkum við að draga úr kolefnislosun með því að keyra minna. Konur eru í miklum meiri hluta þeirra sem farast af völdum náttúruhamfara, staðreynd sem þarf að taka mið af í öllum forvarnar- og viðbragðsáætlunum. Það er því brýnt að koma kynjasjónarhorni inn í alla stefnumótun og aðgerðaáætlanir í umhverfismálum. Í desember 2009 var haldin loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna (COP15) þar sem til stóð að semja um frekari takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Norðurlöndin stóðu fyrir sérstökum hliðarviðburði á ráðstefnunni um kyn og loftslagsmál þar sem tillögur Norðurlandanna voru kynntar. Í mars 2009 voru tillögurnar einnig kynntar á hliðarviðburði á 53. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York ásamt því að sýna stutta heimildamynd. Áhugi er á því að Ísland láti meira til sín taka á þessum vettvangi en íslensk stjórnvöld voru í forystu hvað varðar að koma kynjasjónarhorni inn í samningstextann á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn og voru þau sérstaklega heiðruð fyrir það.

Jafnréttisskólinn

Alþjóðlegur jafnréttisskóli, GET-Programme, var settur á fót í nóvember árið 2009 eftir tveggja ára undirbúningsferli. Jafnréttisskólinn er byggður upp að fyrirmynd Jarðhitaskóla, Sjávarútvegsskóla og Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sem allir eru reknir hér á landi og eru liður í þróunarsamvinnu Íslands. Skólinn býður styrkþegum frá þróunarríkjum og átakasvæðum þjálfun og hagnýta ráðgjöf um aðgerðir og leiðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Jafnréttisskólinn stefnir að því að sækja um aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Skólastjóri er Dr. Annadís G. Rúdólfsdóttir. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands er samstarfsaðili GET-Programme og hýsir þróunarverkefnið sem nýtur fjárhagsstuðnings utanríkisráðuneytisins.

Öndvegissetrið EDDA

EDDA - öndvegissetur er nýr vettvangur fyrir gagnrýnar samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórn mála- og menningarrýni með áherslu á kynjajafnrétti og margbreytileika. Það var eitt af þremur öndvegisverkefnum sem styrkt voru á grundvelli markáætlunar Vísinda- og tækniráðs árið 2009. Irma Erlingsdóttir er framkvæmdastjóri EDDU en hún hefur unnið að því að þróa, skipuleggja og ýta verkefninu úr vör ásamt samstarfsmönnum sínum, Sigríði Þorgeirsdóttur prófessor í heimspeki og Val Ingimundarsyni prófessor í samtímasögu. Markmið öndvegissetra eins og EDDU, sem reist er á markáætlun Vísinda- og tækniráðs, er að styrkja rannsóknir og tengslanet á tilteknu sviði sem síðan leiða til fræðilegrar þekkingarsköpunar og skila ávinningi fyrir samfélagið, eins og t.d. með áhrifum á stefnu stjórnvalda. Á fyrsta starfsári EDDU er megináherslan lögð á rannsóknir á áhrifum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og bankahrunsins á menningu, stjórn mála og félagskerfi hér á landi.

Konur í stjórnnum fyrirtækja

Sumarið 2009 gerðu Félag kvenna í atvinnurekstri og Samtök atvinnulífsins samning um aukin hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Gerð var könnun á hlut kvenna í stjórnnum sem meðal annars leiddi í ljós að konum hafði fækkað í stjórnnum fyrirtækja eftir fjármálahrunið. Markmiðið er að hlutur hvort kyns um sig verði ekki minni en 40% í stjórnnum árið 2013. Eins og áður var sagt tók Alþingi af skarið nú í vetur og setti kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja í lög. Þau taka gildi árið 2013.